



Aðalfundur Fimleikadeildar Björk, 6. maí 2010. Skýrsla stjórnar.



Kristjana Ýr Kristinsdóttir, Íslandsmeistari í 4. þrepi 2010.

Á aðalfundi þann fjórða mars 2009 voru eftirfarandi kosnir í stjórn:

Þór Ólafsson, formaður
Harpa Þórðardóttir
Hlín Benediktsdóttir
Unnur Björnsdóttir
Dröfn Þórisdóttir



Iðkendur, þjálfarar og dómarar

Í fimleikadeildinni voru starfandi á tímabilinu 35 til 36 hópar sem skiptust í grunnhópa og keppnishópa í áhaldafimleikum og hópfimleika.

Heildarfjöldi iðkenda hefur haldist stöðugur frá síðasta starfsári eða 419 iðkendur voru skráðir á haustönn sem er sama tala og árið áður.

Iðkendur fimleikadeildar 2009-2010				
	Haust 09		Vor 10	
	<i>Fj.iðkenda</i>	<i>Fj.hópa</i>	<i>Fj.iðkenda</i>	<i>Fj.hópa</i>
<i>Stelpur - G hópar</i>	185	14	185	16
<i>Stelpur - A-F hópar</i>	101	11	98	10
<i>Strákar</i>	85	7	72	7
<i>Hópfimleikar</i>	48	3	46	3
<i>Samtals</i>	419	35	401	36

Samkvæmt starfsskýrslu FSÍ eru um 100 iðkendur sem hætta iðkun á hverri önn og aðrir 100 koma í þeirra stað. Því eru heildar fjöldi iðkenda á hverju ári um 200 fleiri en skráðir eru á hverri önn hjá félaginu. Brottfall í fimleikum er því um 25% sem er hátt, en svipað og þekkist hjá öðrum fimleikafélögum.

Hjá félaginu störfuðu á árinu 32 þjálfarar.

Hlín Benediksdóttir, yfirþjálfari áhaldafimleika stelpna og hópfimleika.
Hlín Árnadóttir, yfirþjálfari grunnhópa stelpna.

Guðjón Guðmundsson, yfirþjálfari áhaldafimleika stráka en hann sat jafnfram í stjórn FSÍ frá 2008 til 2010.

Aðrir þjálfarar eru:

Ásta B. Andersen Sveinsdóttir, Ásta Björk Gunnarsdóttir, Bjarni Gíslason, Dimitry Varonin, Dóra Sóldís Ásmundsdóttir, Edda Dögg Ingibergsdóttir, Edda Rún Sigurðardóttir, Elsa Dagný Ásgeirsdóttir, Eva Rós Sverrisdóttir, Fjöltnir Þrastarson, Fríða Rakel Linnét, Gyða Rut Vilhjálmisdóttir, Hafdís Jónsdóttir, Hildur Ketilsdóttir, Hildur Guðný Káradóttir, Hildur Vilhelmsdóttir, Kristbjörg Bjarkadóttir, Lára Huld Ólafsdóttir, María Birgit Gala, Marta Grétarsdóttir, Natallia R. Varonina, Rafn Benediktsson, Róbert Vastea Bentia, Sunneva björk Gunnarsdóttir, Una Brá Jónsdóttir, Vladimir Zaitsau, Þorbjörg Hekla Ingólfssdóttir, Þórunn Káradóttir, Alexandra Brandzai, NicoletaCristina Branzai og Sorinel Branzai hættu hjá félaginu á tímabilinu.



Dómarar í Björk eru til greindir hér að neðan, en dómaraströf eru mjög mikilvæg fyrir íþróttina og vantar alltaf fleiri aðila með réttindi. Ekki væri hægt að halda nein mót án dómara. Þar sem margir dómarar eru einnig þjálfarar hefur þessi vinna lent á fáum aðilum. Vonumst við því til að fleiri munu sækja námskeið og taka þátt í þessu starfi.

Á tímabilinu komu inn nýjar reglur í hópþímleikum (Team gym). Þessar reglur eru nú orðnar svipaðar og reglurnar í áhaldafímleikum, þ.e. skipt eftir erfiðleika, samsetningu og framkvæmd.

Dómarar í hópþímleikum (Team gym):

Fjölur Þrastarson
Þorgerður María Halldórsdóttir
Bjarni Gíslason
Róbert Vastea Bentia
Hlín Benediktsdóttir

Dómarar í hópþímleikum (Landsreglur):

Helga Svana Ólafsdóttir
Hlín Benediktsdóttir
Ólöf Friðriksdóttir
Gyða Rut Vilhjálmisdóttir
Þorgerður Halldórsdóttir
Sunneva Guðmundsdóttir

Alþjóðlegur dómari í hópþímleikum (Team gym):

Hlín Benediktsdóttir

Dómarar í áhaldafímleikum kvk:

Heiðdís Anna Lúðvíksdóttir
Hildur Vilhelmsdóttir
Robert Bentis
Unnur Björnsdóttir
Brynhildur Hlín Eggertsdóttir
Hafdís Jónsdóttir
Hildur Ketilsdóttir
Hlín Árnadóttir

Dómarar í áhaldafímleikum kk:

Fjölur Þrastarson
Guðjón Guðmundsson
Rafn Benediktsson
Óskar Ólafsson



Vefmál

Gert var áttak í vefmálum félagsins og hefur það verið til mikilla bóta þótt alltaf megi gera betur.

Salir og aðstaða

Aðstæður í þjóðfélaginu urðu þess valdandi að leigusamningur félagsins við Nýsi var tekinn yfir af Hafnarfjarðarbæ og er Íþróttamiðstöðin Björk núna rekin sem eitt af Íþróttahúsum Hafnarfjarðarbæjar. Þetta hefur gert það að verkum að tímar fyrir fimleikadeildirnar hafa takmarkast og tímum sem úthlutaðir eru í Andrasal voru mikið skornir niður þannig að nýting er ekki eins góð og hún gæti verið. Mikilvægt er að fá að hafa tvo eða fleiri samliggjandi daga í salnum svo hægt sé að nýta hann til fullnustu.

Áhöld fimleikadeildarinnar eru mörg hver komin í það horf að þau eru ekki keppnishæf og illa æfingarhæf. Þar má meðal annars nefna karla tvíslánna sem við höfum fengið lánaða frá Gerplu í vetur þegar mót hafa verið haldin. Rárnar á kvenna tvíslánni eru komnar á síðasta snúning og þarf að skipta þeim út. Fíberbrautin (hópfimleikabrautin) er í slæmu ástandi og þarf að skipta út. Keppnistrampólíninu fyrir hópfimleikana hefur verið þúsulað saman í vetur og á ekki langan líftíma í viðbót. Gryfjan hefur verið löguð að hluta í vetur en nokkrum sinnum þurfti að loka svæðum í salnum vegna hættu á að iðkendur og þjálfarar myndu slasast í henni. Einnig fer að koma tími á að skipta hluta eða öllu hvíta stökkgólfinu út, efsti dúkurinn er mikið rifinn og skapar slysaþættu. Töluvert af dýnum hafa verið lagaðar í vetur og skipt um áklæði eða þær bættar, en enn eru dýnur í salnum sem eru slitnar og vantar viðgerð.

Þrátt fyrir þetta ástand á áhöldum og tækjum líður iðkendum vel og góður andi er í húsinu. Heiti potturinn er vinsæll bæði af iðkendum og aðstandendum þeirra, er það mat manna að hann sé ómissandi fyrir félagslega þáttinn í starfi Bjarkanna.

Annað

Sú nýjung varð á nýju ári að Frístundabíllinn hóf reglulegar ferðir milli skóla og Íþróttamiðstöðvar Bjarkanna, það er lofsvert framtak og mikill fjöldi iðkenda nýtir sér þessa þjónustu. Ungir iðkendur sérstaklega og mikið öryggi er fólgið í því að bíllinn ekur alveg heim að húsi, ólíkt öðrum opinberum samgöngum.

Engar utanlandsferðir hafa verið hjá hópum á þessu starfsári en fyrirhugaðar eru æfingabúðir hjá I1 í Danmörku í ágúst og I2 stefnir á Eurogym í júlí í Danmörku.

Fjáröflun hefur verið í einstaka hópum en fyrir utan það stóð félagið sjálft í fjáröflun fyrir endurnýjun áhaldna, sú fjáröflun tókst með miklum ágætum eða um 1.1 milljónir króna söfnuðust sem er um helmingur af kostnaði þess sem á að endurnýja (Fíberbrautina í hópfimleikum) og kann félagið þeim foreldrum og aðstandendum sem tóku þátt í þessu með okkur miklar þakkir fyrir.



Nýir fimleikabólir komu fyrir deildina. Þetta eru keppnis- og æfingabólir sem stelpurnar hafa keppt í á mótum vetrarins.

Mót vetrarins og árangur:



Flottar Bjarkarstelpur

Glæsilegur árangur hefur verið hjá iðkendum fimleikadeildarinnar veturinn 2009 til 2010. Iðkendur í áhaldafimleikum hafa fengið ófáa verðlaunapeningana um hálsinn bæði í liða og einstaklingskeppnum. Keppt var í 6. til 1. þrepi hjá stúlkum ásamt því að stúlkur sem voru í 1. þrepi kepptu á nokkrum mótum í frjálsum æfingum. Drengir kepptu í 6. til 2. þrepi í ásamt því að drengir úr 2. og 3. þrepi kepptu í frjálsum æfingum á Mílanómeistaramóti sem haldið var í Björk.

Hópfimleikarnir hafa einnig sýnt miklar framfarir í vetur þrátt fyrir að hafa ekki náð mörgum verðlaunum. Tveir hópar hafa verið að keppa fyrir félagið í vetur, I1 og I2. I1 keppir í Team-gym reglum í 1. flokki og I2 í Landsreglum í 4. flokki. Mjög miklar framfarir hafa sýnt sig á milli móta og verður gaman að fylgjast með þeim á næstu árum. Síðasta sumar (2009) voru haldnar æfingarbúðir í Björk þar sem þjálfararnir Marín Þrastardóttir og Kristjan Voppola héldu fyrir bæði I1 og I2. Æfingarbúðirnar heppnuðust mjög vel.

Hér fyrir neðan eru mót vetrarins talin upp ásamt árangri Bjarkariðkenda. Úrslit móta verða sett inn á heimasíðu félagsins síðar í mánuðinum.



Vorsýning 2009

- 5 sýningar voru haldnar og var troðfullt á þær allar
- Allir hópar fimleikadeildarinnar sýndu listir sínar

Mínervumót 2009 – Haldið af Björk (eigið mót) þann 5. apríl

Haldið árlega til heiðurs Mínervu Jónsdóttur.

- Fjöldi keppenda var 235, fjöldi keppenda frá Björk var 120
- Ágóði var rúm 300 þúsund

Haustmót í frjálsum æfingum 2009 – Haldið af Björk þann 31. október

- Enginn keppandi frá Björk
- Mótið gekk vel og var félaginu til sóma

Haustmót í þrepum 2009 – mót haldið í Gerplu þann 7. nóvember

- Keppendur kepptu í 4-1. þrepi hjá stúlkum, strákar kepptu ekki á þessu móti frá Björk
- Fjöldi keppenda í þrepum úr hópum B, C, D1, D2 og E hjá stúlkum:
 - 1. þrep: 3 stúlkur
 - Þórey Kristinsdóttir í 2. sæti
 - 2. þrep: 1 stúlka
 - 3. þrep: 6 stúlkur
 - Birna Stefánsdóttir í 2. sæti
 - 4. þrep: 9 stúlkur

Garpamót í 5. þrepi kvk 2009 – mót haldið í Gerplu þann 8. nóvember (ekki FSÍ mót)

- Keppendur kepptu einungis í 5. þrepi stúlkna
- Alls 9 keppendur í voru úr hópum D1, D2 og E:
 - Nína María Guðnadóttir í 2. sæti samanlagt, 3. sæti á tvíslá og 2. sæti á gólfi 8. ára
 - Gréta Örk Ingadóttir í 3. sæti á gólfi í flokki 9. ára
 - Snædís Ósk Hjartardóttir í 2. sæti á tvíslá í flokki 9. ára

Haustmót í hóp fimleikum 2009 – mót haldið á Akranesi dagana 14 og 15. nóvember

- Tveir hópar kepptu frá félaginu – I1 og I2
- I1 keppti í Team gym reglum í 1. flokki og I2 í Landsreglum í 4. flokki
- Báðir hópar stóðu sig ágætlega en lentu þó ekki í verðlaunasæti
- Mikil breyting var á hópunum frá síðasta vetri, bæði nýir iðkendur að keppa með hópunum og nýir þjálfarar teknir við I2

Jólasýning 2009 – haldnar þann 16. og 17. desember



Efniviður framtíðarnir á jólasýningunni 2009

- 4 sýningar voru haldnar og var troðfullt á þær allar
- Allir hópar fimleikadeildarinnar sýndu listir sínar

Prepamót í 5. þrepi kvk. 2010 – mót haldið í Gróttu þann 31. janúar

- Keppendur kepptu einungis í 5. þrepi stúlkna
- Alls 10 keppendur í voru úr hópum C, D1 og D2:
 - Nína María Guðnadóttir í 2. sæti samanlagt, 3. sæti á tvíslá, 2. sæti á slá og 2. sæti á gólfi 9. ára
 - Gréta Örk Ingadóttir í 2. sæti samanlagt, 2. sæti á tvíslá, 1. sæti á slá og 3. sæti á gólfi í flokki 10. ára
 - Snædís Ósk Hjartardóttir í 1. sæti á tvíslá í flokki 10. ára
 - Birta Hafþórsdóttir í 3. sæti samanlagt, 2. sæti á slá og 3. sæti á gólfi í flokki 12 ára og eldri



Unglingamót í hópímleikum (mót 2.) 2010 – mót haldið í Gerplu þann 6. og 7. febrúar

- Landsreglur: I2 keppti í 4. flokki og lenti í 4. sæti. Teamgym reglur: I1 keppti í 1. flokki og lenti í 4. sæti



Hópur I2 eftir vel heppnað mót.

Prepamót í áhaldafímleikum 2010 – mót haldið í Ármanni 13. og 14. febrúar

- Keppendur kepptu í 4 - 2. þrepi hjá strákum en 4 - 1. þrepi hjá stúlkum
- Keppendur komu úr hópum B, C, D1 og D2 hjá stúlkum og A-1 og E1 hjá strákum:



Þórey Kristinsdóttir sýnir æfingar á slá en hún lenti í 1. sæti á þessu móti í samanlögðu.

- 1. þrep: 3 stúlkur
 - Andrea Rós Jónsdóttir í 1. sæti á stökki, 2. sæti á slá og 2. sæti á gólfi
 - Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir í 3. sæti á slá
 - Þórey Kristinsdóttir í 1. sæti samanlagt, 1. sæti á stökki, 1. sæti á tvíslá og 1. sæti á gólfi
- 2. þrep: 1 stúlka og 1 strákur
 - Þorgerður Magnúsdóttir í 1. sæti á stökki, 2. sæti á slá og 1. sæti á gólfi í flokki 15. ára



- Atli Thorarensen í 3. sæti á gólfi, 1. sæti í hringjum, 3. sæti á stökki og 2. sæti á tvíslá í flokki 15. ára og yngri
- 3. Prep: 5 stúlkur og 5 strákar
 - Birna Stefánsdóttir í 1. sæti á stökki og 3. Ssti á tvíslá í flokki 14. ára og eldri
 - Stefán Ingvarsson í 2. sæti á bogahesti og 1. sæti í hringjum í flokki 13 ára og yngri
 - Jóhann Örn Thorarensen í 3. sæti á gólfi og 3. sæti í hringjum í flokki 13 ára og yngri
- 4. Prep: 12 stúlkur og 3 strákar
 - Ásta Sól Bjarkadóttir í 2. sæti á slá í flokki 11 ára og yngri
 - Kristjana Ýr Kristinsdóttir í 3. sæti á tvíslá og 1. sæti á gólfi í flokki 11. ára og yngri
 - María Árnadóttir í 2. sæti á stökki í flokki 11. ára og yngri
 - Steinunn Anna Svansdóttir í 1. sæti samanlagt, 3. sæti á stökki og 2 sæti á gólfi í flokki 12. ára
 - Sigurlaug Rún Jónsdóttir í 2. sæti á tvíslá og 1. sæti á gólfi í flokki 13 ára og eldri
 - Hugrún Linda Björgvinsdóttir í 1. sæti á tvíslá í flokki 13 ára og eldri
 - Birkir Blær Árnason í 2. sæti samanlagt, 2. sæti á bogahesti, 2. sæti í hringjum, 2. sæti á stökki, 2. sæti á tvíslá og 2. sæti á svifrá í flokki 12.ára
 - Elfar Davíðsson í 3. sæti samanlagt, 3. sæti á gólfi, 3. sæti á bogahesti, 3. sæti í hringjum, 3. sæti á stökki og 3. sæti á svifrá í flokki 12.ára

Innanfélagsmót 2010 – haldið í Björk 20. febrúar



Innanfélagsmót Bjarkanna 2010

- Allir hópar fimleikadeildarinnar kepptu eða sýndu æfingar



- Grunnhópar og hluti af framhaldshópum sýndu foreldrum og gestum æfingar
- Nemendur sem kepptu í 6. til 2. þrepi kepptu til verðlauna. Stúlkur í 1. þrepi kepptu ekki á innanfélagsmóti heldur var árangur þeirra á Þorramóti talinn sem innanfélagsmót.
- Í hópfimleikum kepptu nemendur innan hópa í einstaklingskeppni
- Ekki verða úrslit talin upp hér heldur verður hægt að nálgast þau á heimasíðu félagsins síðar í mánuðinum.
- Bjarkarmeistari kvenna í áhaldafimleikum 2010 er Þórey Kristinsdóttir, Bjarkarmeistari karla í áhaldafimleikum er Atli Thorarensen og Bjarkarmeistarai í áhaldafimleikum er Kristbjörg Bjarkadóttir

Þorramót í frjálsum æfingum 2010 – haldið af Fjölni í Björk þann 21. febrúar

- Þrjú keppendur frá Björk, þær Andrea Rós, Þórey og Freyja úr B hóp. Þær kepptu allar sem gestir

Bikarmót í áhaldafimleikum 2010 – haldið í Gerplu þann 27. Og 28. febrúar

- Björk var með lið í 5., 4, 3. og 1. þrepi hjá stúlkum og í 5. til 3. þrepi hjá strákum
- Keppendur komu úr hópum B, C, D1 og D2 hjá stúlkum og A1 og E1 hjá strákum:
 - 1. þrep stúlkur – 1. sæti
 - 3. þrep stúlkur – 3. sæti, strákar – 1. sæti
 - 4. þrep stúlkur – 2. sæti, strákar – 3. sæti
 - 5. þrep stúlkur – 4. sæti, strákar – 3. sæti

Íslandsmót í þrepum 2010 – haldið í Björk þann 6. mars

- Alls 16 stúlkur og strákar náðu þeim árangri að keppa á Íslandsmóti í þrepum. Keppendur komu úr B, D1 og D2 hjá stúlkum og A1 hjá strákum. Frábær árangur var á þessu móti eins og sjá má hér að neðan:
 - 1. þrep – 2 stúlkur kepptu
 - Þórey Kristinsdóttir í 1. sæti samanlagt, 1. sæti á stökki, 3. sæti á tvíslá, og 2. sæti á slá og í 3. sæti á gólfi
 - Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir í 1. sæti á slá
 - 2. Þrep – 1 strákur keppti
 - Atli Thorarensen í 3. sæti samanlagt, 3. sæti á bogahesti, 1. sæti í hringjum og 2. sæti á tvíslá
 - 3. Þrep – 2 stúlkur og 3 strákar kepptu
 - Birna Rós Stefánsdóttir í 1. sæti samanlagt, 1. sæti á stökki, 1. sæti á tvíslá, og 3. sæti á gólfi
 - Stefán Ingvarsson í 1. sæti samanlagt, 2. sæti á gólfi, 1. sæti á bogahesti, 3. sæti í hringjum, 3. sæti á stökki og 1. sæti á tvíslá
 - Jóhann Örn Thorarensen í 2. sæti á bogahesti og 1. sæti í hringjum
 - 4. Þrep – 4 stúlkur og 1 strákur kepptu
 - Kristjana Ýr Kristinsdóttir í 1. sæti samanlagt, 1. sæti á stökki, 3. sæti á tvíslá, 1. sæti á slá og 1. sæti á gólfi



- 5. ðrep – 3 stúlkur
 - Nína María Guðnadóttir í 3. sæti samanlagt, 1. sæti á slá og 3. sæti á gólfi
 - Snædís Ósk Hjartardóttir í 3. sæti á gólfi
- Keppendur koma úr hópum B, D1 og D2 hjá stúlkum og A1 hjá strákum.
- Alls fékk Björk fjóra Íslandsmeistara á þessu móti



Íslandsmeistarar 2010, Pórey, Birna, Kristjana og Stefán.

Bikarmót í hópfimleikum (mót 3) 2010 – haldið í Stjörnunni þann 13. mars

- Björk var ekki með keppendur á þessu móti. Á mótinu var einungis keppt í Team-gym reglum.

Íslandsmót í áhaldafimleikum 2010 – haldið í Ármanni þann 27. – 28. mars

- Einn keppandi úr Björk – Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir úr B hópi keppti í flokki 15 ára og yngri
- Árangur Freyju:
 - Stökk: 2. sæti
 - Tvíslá: 2. sæti
 - Slá: 3. sæti



Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir sýnir æfingar á slá.

Íslandsmót í hópfinleikum (mót 4) 2010 – haldið á Selfossi þann 10. apríl

- 11 keppti í team-gym reglum

Mílanómeistaramót 2010 – haldið í Björk þann 16. og 17. apríl

- Aðeins kepptu strákar frá Björk á þessu móti alls úr A1 hóp
- Einn keppandi í flokki 15-18 ára og 5 keppendur í flokki 12-14 ára
- Árangur strákanna:
 - Jóhann Örn Thorarensen í 2. sæti á bogahesti í flokki 12-14 ára
 - Stefán Ingvarsson í 3. sæti á bogahesti og 2. sæti í hringjum í flokki 12-14 ára
 - Tristan Alex Kamban Jónsson í 1. sæti á stökki í flokki 12-14 ára

Ponsumót 2010 vinamót – haldið í Keflavík þann 22.apríl

- Aðeins kepptu stúlkur á þessu móti
- Keppendur komu úr G1, F-1, F-2, F-4,F-3 ,E,D-1-2
- Keppt var í Ponsuæfingum - byggðar upp á 6. þrepi FSÍ A-B-C, í liðakeppni
- Árangur stúlnanna:
 - 1. sæti í
 - C yngri
 - C-eldri
 - B yngri
 - A æfinguna
 - Ponsumeistari 2010 var Margrét Lea Kristinsdóttir



Mínervumót 2010 vinamót – haldið í Björk þann 24. apríl

- Aðeins kepptu stúlkur á þessu móti
- Keppendur komu úr G1, F-1, F-2, F-4, D-1-2, C og B hópum
- Keppt var eftir reglum F.S.Í í 6.- 5. -4 og 3. þrepi
- Keppt var í liðakeppni í 6.-5. þrepi í liðakeppni, í 4. og 3. þrepi var einstaklingskeppni
- Úrslit
 - 1. sæti í 6.þrepi '03 í liðakeppni
 - 1. sæti í 6. þrepi '02 í liðakeppni
 - 1. sæti í 5. þrepi - létt í liðakeppni
 - María Árnadóttir var í 2. sæti samanlagt og í 1. sæti á stökki í 4. þrepi (-51. stig)
 - Hilda Steinunn Egilsdóttir var í 2. sæti samanlagt og í 1. sæti á stökki í 4. þrepi (+51. stig)
 - Sigurlaug Rún Jónsdóttir var í 3. sæti samanlagt í 4. þrepi (+51. stig)
 - Steinunn Anna Svansdóttir var í 1. sæti samanlagt, 1. sæti á tvíslá og 1. sæti á slá í 4. þrepi (+51. stig)
 - Steinunn Lóa Hafspórsdóttir var í 3. sæti samanlagt og í 1. sæti á slá í 3. þrepi
 - Kolbrún Sara Magnúsdóttir var í 2. sæti samanlagt og í 1. sæti á tvíslá í 3. þrepi
- Keppendur voru 150 talsins og komu frá Ármanni, Fylki, Gróttu, Keflavík og Stjörnunni.
- Mótið tókst vel og allir fóru glaðir heim.

Íþróttamaður og íþróttakona fimleikadeildarinnar voru krýnd fyrir árið 2009, það voru þau Andrea Rós Jónsdóttir og Stefán Ingvarsson.

Að lokum

Eins og þessi upptalning gefur til kynna er starfið mjög blómlegt hjá Björkunum og gefur tilefni til væntinga um það sem koma skal á næstu árum.

Breytingar hafa verið samþykktar á skipulagi og rekstrafyrirkomulagi deildarinnar sem vænst er að skili félaginu bæði betri rekstri og enn betri árangri.

Helstu verkefni fimleikastjórnar á komandi mánuðum verða í almennri stefnumótun og styrkja innviði félagsins, t.d. með því að auka þátt foreldra í starfi barna sinna, styðja við og auka félagsstarf og halda vel utan um rekstur deildarinnar þannig að aðhald og skynsemi ráði för. Ljóst er að ýmis áhöld í sal eru orðin þreytt eða hættulega slitin og sérstakar fjáraflanir félagsins til áhaldakaupa þurfa að koma til svo lágmarks endurnýjun geti átt sér stað.

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp til eflingar starfinu frá hinum almenna félagsmanni og velunnurum, það verður í verkahring nýrrar stjórnar að vinna úr þeim.



Formaður vill þakka öllum þeim foreldrum og stuðningsmönnum sem hafa komið að starfinu í sjálfboðavinnu, félagið er aldrei sterkara en þeir einstaklingar sem koma að því. Hafsteini Þórðarsyni, Sjöfn Jónsdóttur og öðrum starfsmönnum ásamt samstarfsmönnum í stjórn og aðalstjórn þakka ég gott samstarf á liðnu tímabili.

Þór Ólafsson
Formaður Fimleikastjórnar